



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2015
Málsnúmer SN150014

Mál: Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar ásamt umhverfismati, sbr. lög nr. 123/2010 og 105/2006 og reglugerð nr. 1001/2011.

Við er til erindis Skipulagsstofnunar frá 19. desember 2014, þar sem vakin er athygli á tillögu að Landsskipulagsstefnu (sjá tillaga og fylgiskjöl á landsskipulag.is) og óskað eftir umsögn um tillöguna. Athugasemdafrestur er tilgreindur til 13. febrúar nk.

Tillaga að landskipulagsstefnu 2013-2024 var til umfjöllunar og umsagnar á seinni hluta árs 2012 og gaf umhverfis- og skipulagsvið umsögn sína þann 8. nóvember 2012. Tillaga til þingsályktunar um þá tillögu var lögð fram á Alþingi vorið 2013 en náði ekki fram að ganga. Fyrirliggjandi tillaga byggir að ýmsu leyti á fyrri tillögu en þó hafa verið gerðar allnokkrar breytingar á áherslum og efnistöku.

Nýr umhverfis- og auðlindaráðherra ákvað í október 2013 að hefja að nýju vinnu við mótun Landsskipulagsstefnu. Ráðherra ákveður hverju sinni, við upphaf vinnu, um hvaða viðfangsefni skal fjallað og hvaða áherslur skal leggja til grundvallar við mótun landsskipulagsstefnu. Í fyrirliggjandi tillögu eru eftirfarandi viðfangsefni að finna: a) *Skipulag á miðhálandis Íslands*; b) *Búsetumynstur og dreifing byggðar*; c) *Skipulag haf- og strandsvæða*; d) *Skipulag í dreifbýli*. Viðfangsefni a-c eru þau sömu og fjallað var um í fyrri tillögu að landsskipulagsstefnu, en landnotkun í dreifbýli er nýtt viðfangsefni.

Ekki eru gerðar beinar athugasemdir við almenna stefnumörkun sem kemur fram í hinum fjórum megin köflum Landsskipulagsstefnunnar né við þau grundvallar markmið sem sett eru fram á bls. 7 og 36-37. Stefnan *Búsetumynstur og dreifing byggðar*, sem snertir hvað mest þéttbýlisþróun, er í góðu samræmi við langtíma stefnumörkun Reykjavíkurborgar í skipulagsmálum og rímar vel við megin markmið AR2010-2030 um hagkvæma og sjálfbæra borgarþróun. Sömuleiðis er stefnan *Skipulag í dreifbýli* í takti við stefnumörkun borgarinnar varðandi landbúnaðarsvæði og dreifbýli.

Tekið er sérstaklega undir markmið 3.2.3 um að efla gagnagrunna um húsnæðismál og að Þjóðskrá Íslands hafi forgöngu um slíkt í samvinnu við Skipulagsstofnun og sveitarfélögin.

Í markmiði 3.5.3. í kaflanum um “Sjálfbærar samgöngur” er sett fram ákvæði um úrlausn á ágreiningi milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins um innviði, þ.e. um samgöngu- og veitumannvirki. Þar er umhverfis- og auðlindaráðherra gefin heimild til að hafa forgöngu um stofnun samráðshóps, í samvinnu við hlutaðeigandi ráðherra og sveitarfélög/félag. Það er mikilvægt að það sé einhver leið útúr ágreiningi milli sveitarfélaga og ríkisins, þegar aðalskipulagi er frestað eða ágreiningur er um t.d. uppbyggingu og legu samgöngu- eða veitumannvirkja í aðalskipulagi. Hinsvegar væri æskilegar að heimild um stofnun slíks samráðshóps ætti sér stoð í lögum og/eða reglugerð og þar kveðið nánar um málsmeðferð og fyrirkomulag slíkrar sáttaleiðar en ekki í Landsskipulagsstefnu. Almenn ákvæði um úrlausn ágreiningsmála ætti enn fremur að taka hugsanlega til fleiri viðfangsefna landsskipulagsstefnunnar, en ekki einvörðungu þeirra viðfangsefna sem fjallað er um í markmiði 3.5.

Að öðru leyti er ekki gerðar athugasemdir við tillöguna en tekið undir þau almennu sjónarmið og ábendingar sem koma fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, m.a. um skipulagsvaldsvið sveitarfélaganna, sbr. bréf dagsett 29. janúar sl.

Haraldur Sigurðsson